Í hóglegri skoðunarferð

Sýning Jens Kristleifssonar að Kjarvalsstöðum

Um árabil var Jens Kristleifsson rammur svartlistarmaður; skar þá kröftugri verk í dúk en nokkur annar Íslendingur. Þessi verk fjölluðu um veröld þar sem allt virtist úr skorðum og hver höndin var uppi á móti annarri.

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Það var eins og Svend Wiig-Hansen hefði komist inn í myndheim Palles Nielsen, og umturnað honum.

Fyrir áratug eða svo hætti Jens að gera svona myndir, sneri sér þá að kennslu og annarri sýslan.

Ég skal játa að ég hef saknað grafíkmynda hans allar götur síðan, ekki síst upp á síðkastið, þegar íslensk grafík er að verða svo fáguð að hún er hætt að hreyfa við manni.

Nú er Jens allt í einu búinn að setja upp sýningu á málverkum á vesturgangi Kjarvalsstaða.

Mikið skelfing væri gaman að geta sagt að þetta væri glæsilegt „come-back" hjá Jens, biðarinnar virði og allt það.

En það verður að segja hverja sögu eins og hún er: Jens er hér ansi langt frá því besta sem hann hefur gert í grafíkinni.

Langflestar myndir hans eru fremur dauflegar hugleiðingar um landslag og landkosti, og er þá eins og listamaðurinn sé í hóglegri skoðunarferð, ekki í afdráttarlausri leit að skýringum.

Mest fær áhorfandinn út úr þeim landslagsmyndum hans þar sem minnst gerist: dökkgrátt fjall nemur við stálgráan himinn. Rétt eins og þegar tvö dökk form mættust í grafík hans forðum daga.

Á sýningu Jens eru tvær teikningar með fígúratífu sniði, sem glöddu undirritaðan óstjórnlega.

Í þeim er tekin áhætta, ákveðið mannlegt/myndrænt mótíf er fest á blað og krufið til mergjar af innsæi og leikni.

Sýningu Jens lýkur þann 17. apríl næstkomandi.

-ai



Jens Kristleifsson - Vor fyrir vestan, málverk, 1986.

Fréttir

Fjárhagsáætlun Dalvíkurbæjar

Geir Guðsteinsson, DV, Dalvík:

Miðvikudaginn 30. mars sl. gekk bæjarstjórn Dalvíkur frá fjárhagsáætlun fyrir bæjarsjóð og stofnanir á vegum bæjarfélagsins fyrir árið 1988. Tekjur eru áætlaðar kr. 85.825.500, en stærstu tekjuliðir eru útsvar kr. 50.400.000, aðstöðugjöld kr. 15.140.000, fasteignagjöld kr. 11.547.000 og framlag úr Jöfnunarsjóði kr. 4.680.000 þrátt fyrir að þar hafi verulega verið skorið á framlög. Rekstrargjöld eru áætluð kr. 76.927.659 og vega þar þyngst stjórnun bæjarins kr. 11.275.000, almannatryggingar og félagshjálp kr. 13.338.000, heilbrigðismál kr. 3.789.000, fræðslumál kr. 9.936.000, félags- og menningarmál kr. 2.951.000, æskulýðs- og íþróttamál kr. 5.450.000 og hreinlætismál kr. 6.310.000.

Árið 1988 verður þyngra í skauti en undanfarið ár en ætla má að útsvarstekjur bæjarins verði um 5 milljónum króna lægri nú en ef eldra skattkerfi hefði verið notað áfram, og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga lækkaði um 1,4 milljónir og munar um minna í ekki stærra sveitarfélagi.

Helstu framkvæmdir í sumar verða á vegum vatns- og hitaveitu, en lagfærðar verða holur sem boraðar voru á liðnu sumri og dreifikerfi veitanna verður að einhverju leyti endurnýjað ef lán fást til þeirra framkvæmda. Fyrirhugað er átak í malbikun og jarðvegsskiptum sem eðlilega helst í hendur við endurnýjun dreifikerfisins, og á þessu ári verður flutt í nýtt áhaldahús bæjarins og slökkvistöð.

Þrátt fyrir knýjandi þörf verða engar framkvæmdir við höfnina á þessu ári, utan malbikunar á vegi milli „kanta", þar sem nánast ekkert framlag kemur úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda.

Þýsk helgi


ARNARFLUG

ÞÓRSCAFÉ

Föstudaginn 15. apríl og laugardaginn 16. apríl.

Þríréttuð glæsimáltíð á þýska vísu framreidd af kokkum Crest hótelsins í Hamborg Verð aðeins kr. 2.800,-

Júlíus og Edda Björgvins bregða á leik og skella sér e.t.v. til Hamborgar.



Aðgöngumiði er möguleiki á ferð til Hamborgar á vegum Arnarflugs

Kynnir: Júlíus Brjánsson

•

Miða- og borðapantanir í símum 23333 og 23335





Upplifum þýska stemmingu eins og hún gerist best með þýsku Brass-bandi og Burgeisum, hljómsveit hússins, ásamt Tommy Hunt.